

Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra um borð í m/b Fjalari, ÁR 22, kr. 99.330.00, er gert upptækt í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Óskarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra m/b Fjalars, ÁR 22, kr. 99.330.00, er gert upptækt í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Óskarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 10. desember 1971.

Nr. 160/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Hylming. Bifreiðar. Tilraun til nytjastuldar. Skaðabætur.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. maí 1971.**

Ár 1971, mánudaginn 17. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 239-240/1971: Ákærvaldið gegn Guðmundi Rúnari Sveinssyni og Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 30. marz s.l., gegn ákærðu, „Guðmundi Rúnari Sveinssyni verkamanni, Mávahlíð 35, Reykjavík, fæddum þar í borg 14. apríl 1952, og Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni sjómanni, Öldugötu 42, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. ágúst 1951, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík árið 1970:

**I.**

Miðvikudagskvöldið 23. desember fór ákærði Guðmundur Rúnar inn í Ísafoldarprentsmiðju og stal þar veski ásamt kr. 2.800.00 í peningum. Ákærðu eyddu síðan peningunum sameiginlega, og var ákærða Óskari Elíasi Héðni kunnugt um, að peningarnir voru stolnir.

Þykir brot ákærða Guðmundar Rúnars varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærða Óskars Elíasar Héðins við 254. gr. sömu laga.

**II.**

Laugardaginn 26. desember brutust ákærðu inn í herbergi í húsi nr. 16 við Hverfisgötu og stálu þar kr. 4.000.00 í peningum, 13 kartonum af Camel vindlingum, 9 pökkum af Viceroy vindlingum, einum Ronson vindlakveikjara, einu tékkhefti, ónotuðu, nokkru af fatnaði og einni tösku.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

## III.

Í beinu framhaldi af verknaði nefndum í II. lið reyndu ákærðu að stela til notkunar bifreiðinni Y 2576, sem stóð í porti húss nr. 14 við Hverfisgötu, en við það rann bifreiðin á húsvegginn, og hurfu ákærðu þá á brott. Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956.

## IV.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Guðmundar Rúnars hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1968 3/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1968 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga.

Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 25. júlí 1968.

1968 í Reykjavík: Ofangreind ákærufrestun einnig látin ná til sams konar brots, sbr. bréf sakadóms Reykjavíkur. Birt 5. október 1968.

1970 27/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1970 12/3 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 9/4 í Reykjavík: Dómur: 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1970 10/9 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Ákærði Óskar Elías Héðinn hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1967 12/10 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 í Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga.

Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 15. febrúar 1968.

1969 3/6 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 26/8 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 26/8 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 257. gr. hegningarlaga.

1969 19/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðs-

- bundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1970 27/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.
- 1970 12/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, sbr. 20. gr. hegningarlaga. Dómur 19. desember dæmdur með.
- 1970 12/3 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1970 9/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburðum ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu:

### I.

Að kvöldi miðvikudagsins 23. desember 1970 var framinn þjófnaður í Ísafoldarprentsmiðju í Ingólfsstræti 5 hér í borg. Var stolið þar veski Kristins Geirssonar, starfsmanns í prentsmiðjunni, til heimilis að Ægissíðu 107.

Miðvikudaginn 30. desember mætti ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson hjá rannsóknarlögreglunni ótilkvaddur og viðurkenndi að hafa framið umræddan þjófnað. Hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi verið á ferli hér í borginni ásamt meðákærða, Óskari Elíasi Héðni, að kvöldi hins 23. desember um kl. 2330. Hafi ákærðu báðir verið búnir að neyta áfengis. Fóru þeir saman inn í Ísafoldarprentsmiðju og þar upp á þriðju eða fjórðu hæð. Voru þar opnar dyr, og fóru þeir þar inn í eins konar skrifstofukompu. Sáu þeir, að jakki hékk þar á stólbaki. Ákærði kveðst hafa farið í vasa á jakkanum og fundið þar veski, sem hann hafi tekið og stungið á sig. Ákærði Óskar Elías Héðinn átti ekki beinan þátt í þjófnaðinum að sögn ákærða, en horfði á, er hann framdi hann. Ákærðu fóru saman á brott úr húsinu og skoðuðu í veskið, er út kom. Voru í því kr. 2.800.00, sem ákærðu skiptu á milli sín, en hentu síðan veskinu. Telur ákærði, að um 1.000 kr. hafi komið í hlut meðákærða. Ákærðu eyddu peningunum til áfengiskaupa o. fl.

Ákærði Óskar Elías Héðinn hefur skýrt nokkuð öðruvísi frá málsatvikum. Hann hefur neitað því að hafa farið með ákærða Guðmundi Rúnari í Ísafoldarprentsmiðju í umrætt sinn, er veskinu var stolið. Hins vegar kveður ákærði meðákærða hafa fengið sér til geymslu kr. 1.000.00 að kvöldi hins 23. desember. Ákærði skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann hefði vitað, að

meðákærði hefði stolið fé þessu, þar sem hann hefði enga peninga átt, en hins vegar hafi meðákærði ekki skýrt sér frá því, hvar hann hefði framið þjófnaðinn. Á annan jóladag fóru ákærðu saman út og eyddu kr. 300.00 af peningunum, en kr. 700.00 kveðst ákærði hafa notað í eigin þarfir. Fyrir dómi staðfesti ákærði þetta að öðru leyti en því, að hann kvað sig hafa grunað, að peningarnir frá meðákærða væru stolnir.

Við samprófun náðist ekki samræmi í framburðum ákærðu, og hélt hvor þeirra fast við framburð sinn.

Með játningu ákærða Guðmundar Rúnars er sannað, að hann hafi framið þjófnað þann í Ísafoldarprentsmiðju, er að framan greinir. Þá telst sannað með framburðum ákærðu, að ákærði Óskar Elías Héðinn hafi fengið frá ákærða Guðmundi Rúnari kr. 1.000.00 af fé því, er hann stal, og verið ljóst, hvernig þess hafi verið aflað.

Varðar atferli Guðmundar Rúnars við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli ákærða Óskars Elíasar Héðins við 254. gr. sömu laga.

Kristinn Geirsson hefur krafizt þess, að ákærðu greiði sér kr. 3.000.00 vegna framangreinds þjófnaðar. Ákærði Guðmundur Rúnar hefur samþykkt kröfu þessa, en ákærði Óskar Elías Héðinn mótmælt henni. Með tilvísun til þess, er að framan greinir, þykir rétt að dæma ákærða Guðmund Rúnar til að greiða Kristni Geirssyni nefnda fjárhæð og ákærða Óskar Elías Héðinn til að greiða kr. 1.000.00 af henni óskipt með ákærða Guðmundi Rúnari.

## II og III.

Laugardaginn 26. desember 1970, kl. 1905, var óskað lögreglu-aðstoðar að Hverfisgötu 16 hér í borg vegna ölvaðra manna. Héldu lögreglumenn á staðinn og hittu þar að máli tvo drengi, er kváðust heita Jóhann Sigfús Sigdórsson, til heimilis að Melabraut 57 í Kópavogi, og Kristján Róbert Walsh, til heimilis að Klapparstíg 9 í Ytri-Njarðvík. Þeir skýrðu svo frá, að tveir menn hefðu komið að Hverfisgötu 16 skömmu áður og sagzt ætla að heimsækja kunningja sína þar. Hefðu menn þessir farið inn í herbergi á annarri hæð, er var mannlaust, og sennilega stolið 2 litlum töskum. Hefðu þeir skömmu síðar séð þá koma hlaupandi með töskurnar út úr portinu við Hverfisgötu 14 og halda vestur á Arnarhólstún. Mennirnir hefðu og reynt að stela bifreiðinni Y 2576, sem var í portinu. Hafði bifreiðinni að sögn lögreglunnar verið ýtt af stað, en lent á húsvegg, og var hægra frambretti henn-

ar talsvert dældað. Eigandi bifreiðarinnar kom á staðinn og skýrði frá því, að hann hefði séð tvo menn hlaupa út úr portinu og jafnframt orðið þess var, að búíð var að færa bifreiðina úr stað.

Lögreglumennirnir veittu mönnunum strax eftirför, en náðu aðeins öðrum þeirra, ákærða Guðmundi Rúnari, við Borgarbílstöðina. Hafði hann tösku meðferðis, er í voru 6 lengjur af Camel vindlingum, ótollafgreiddum, og níu pakkar af Viceroy vindlingum, er voru merktir Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Maður sá, er var með ákærða, hljóp suður Lækjargötu og fannst ekki þrátt fyrir talsverða leit. Neitaði ákærði Guðmundur Rúnar að gefa upp nafn mannsins, og einnig vildi hann ekki skýra frá, hvar hann hefði fengið töskuna. Ákærði hafði meðferðis ávísanahefti.

Við athugun á herbergi því, sem brotízt hafði verið inn í, kom í ljós, að hurðin fyrir því hafði verið sprengd upp og rótað þar talsvert til.

Hallfreður Jón Oddsson, er bjó í umræddu herbergi, kveður hafa verið stolið frá sér þaðan kr. 4.000.00 í peningum og tékkhefti, er voru í peningakassa, 6 lengjum af Camel vindlingum og einni af Viceroy, en í hana hafi vantað 1 pakka, sumartreyju, þ. e. jakka, tveimur nylonskyrtur, gylltum vindlakveikjara af Ronsongerð og 1 setti af ermahnöppum með bindisnælu. Hallfreður Jón kveðst hafa fengið allt aftur nema peningana, kr. 4.000.00, vindlakveikjarann, nylonskyrturarnar svo og koddaver. Hann kveðst öruggur um, að eigi hafi horfið meira magn af tóbaki úr herbergi sínu.

Ákærði Guðmundur Rúnar hefur skýrt frá því, að þeir ákærðu Óskar Elías Héðinn hafi farið að Hverfisgötu 16 í framangreint skipti til að hitta kunningja þeirra, er bjó á efri hæð hússins. Ákærðu höfðu báðir neytt áfengis, og var ákærði nokkuð mikið með áfengisáhrifum. Ákærði kveðst ekki muna, hvernig þeir komust inn í forstofu hússins, og geti verið, að þeir hafi brotið upp hurðina. Þegar inn í húsið kom, héldu þeir upp stiga og að herbergi því, er kunningi þeirra bjó í. Fréttu ákærðu þá, að hann væri farinn. Héldu þeir niður á næstu hæð og brutust inn í herbergi með því að ýta á hurðina. Þegar inn var komið, hófu ákærðu leit að verðmætum, og kveður ákærði meðákærða Óskar Elías Héðinn hafa sprengt upp skáp, er var læstur. Kveðst ákærði hafa tekið þar vindlinga þá, er hann hafði meðferðis, og sett þá í tösku, er hann fann í herberginu. Auk þess tók ákærði erma-

hnappa, nælu og tékkhefti og stakk þessu á sig. Meðákærði var að róta í skápnum, og kveðst ákærði ekki hafa séð nákvæmlega, hvað hann var að gera. Hann sá þó, að meðákærði tók koddaver og stakk í það tveimur skyrtum og jakka. Héldu ákærðu að því búnu út og fóru inn í portið við húsið nr. 14. Þar stóð bifreiðin Y 2576, og var hún ólæst. Tóku ákærðu þá ákvörðun að reyna að taka bifreiðina og aka henni. Tóku þeir bifreiðina úr gír, ýttu henni af stað, og átti ákærði síðan að stökkva upp í hana, er hún væri komin á ferð. Ákærða tókst þetta ekki, og rann bifreiðin á húsvegg. Hlupu ákærðu þá á brott og héldu niður á Borgarbílastöð, en þar ætlaði ákærði að selja vindlingana. Ákærði var handtekinn þar og þýfið tekið af honum.

Ákærði hefur í dómi skýrt frá því, að þeir hafi stungið upp læsinguna fyrir herberginu. Þeir hafi stolið þar 13 lengjum af Camel vindlingum, 9 pökkum af Viceroy vindlingum, 1 tékkhefti, einhverju af fatnaði, skyrtuhöppum, bindisnælu og tösku. Ákærði kannast hins vegar ekki við að hafa stolið kr. 4.000.00 í peningum né heldur vindlakveikjara.

Ákærði Óskar Elías Héðinn neitaði við fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglinni að vera á nokkurn hátt viðriðinn innbrotspjófnaðinn að Hverfisgötu 16 og tóku bifreiðarinnar Y 2576. Þegar hann var yfirheyrður aftur, skýrði hann frá því, að ákærðu hefðu verið að neyta áfengis saman umræddan dag. Þeir hafi farið að Hverfisgötu 16 til að hitta pilt, er þar bjó og meðákærði Guðmundur Rúnar þekkti. Útidyrhurð hússins hafi verið opin og einhver búinn að brjóta hana upp. Pilturinn var farinn úr húsinu, er til kom, og héldu ákærðu niður á næstu hæð. Þegar þangað kom, fóru þeir inn í herbergi. Kveður ákærði hurð þess ekki hafa verið tryggilega læsta. Hafi verið auðvelt að opna hana með því að taka nokkuð snögg á henni og hafi hún þá hrokkið upp. Þegar inn í herbergið kom, kveðst ákærði hafa farið þar í skáp, og man hann ekki betur en lykillinn hafi staðið í skránni, a. m. k. kveðst ákærði hafa fundið einhvers staðar lykil. Þegar ákærði var búinn að opna skáphurðina, kom hann auga á vindlingalengjurnar. Hafi hann tekið þær allar út og sett eitthvað af þeim í tösku, en afganginn í koddaver, sem hann hafi fundið í rúmfataskáp. Hann hafi einnig farið í peningakassa, er var í skápnum, en ekkert fundið þar fésmætt. Hann kveðst hafa séð þar tékkhefti. Meðákærði hafi viljað taka það, en ákærði sagði honum að láta það vera. Ákærðu héldu síðan á brott, og neitar ákærði, að ákærðu hafi tekið skyrtu eða jakka. Ekki sá ákærði vindla-

kveikjarann, er Hallfreður Jón kveður hafa horfið úr herbergi sínu. Ákærði kveðst ekki vita, hvort meðákærði hafi tekið eitt-hvað annað en vindlingana. Ákærðu héldu nú á brott, og var meðákærði rétt á eftir ákærða, er út var komið. Ákærði man ekki eftir að hafa ýtt bifreiðinni Y 2576 til að reyna að koma henni í gang, en dregur ekki í efa, að rétt sé með farið, að ákærðu hafi ýtt bifreiðinni af stað til að reyna að koma henni út úr portinu. Ákærðu héldu nú út á Arnarhólstún og fóru að kanna þýfið. Sáu þeir þá, að lögreglan var að koma og tóku til fótanna. Komst ákærði niður í port hjá Esso í Hafnarstræti, henti þar vindlingunum frá sér og hljóp á brott. Ákærði veit ekki, hvað varð um meðákærða. Hann kveðst hafa verið nokkuð mikið drukinn, er þetta gerðist, og því hafi dómgreind sín verið minni en ella. Ákærði samþykkti að greiða skaðabætur, ef krafa yrði gerð á hendur sér.

Ákærði hefur staðfest í dómi, að ákærðu hafi brotitzt inn í framangreint herbergi að Hverfisgötu 16. Hafi þeir stolið þar 14 lengjum af vindlingum. Hann hafi sjálfur tekið 7 af lengjunum og stungið þeim í koddaver, er hann síðan hafi stungið bak við öskutunnur við benzínafgreiðslu Esso í Hafnarstræti.

Ákærði kvaðst í skýrslu sinni fyrir dómi ekki muna eftir því, að ákærðu hafi reynt að stela bíl í umrætt sinn, er stóð á bak við Hverfisgötu 14. Vel geti þó verið, að þeir hafi reynt að stela bíl þessum, þótt hann muni ekki eftir því, þar sem hann hafi verið drukinn.

Vitnið Kristján Róbert Walsh, er að framan greinir, kveðst hafa verið staddur að Hverfisgötu 16 ásamt Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, er ákærðu komu þangað. Hafi ákærðu fyrst farið inn í herbergi til kunningja þeirra og þeir þá farið þaðan út og fram á eftir þeim og þegar það kom út á götuna, hafi ákærðu verið þá með sér að hurð herbergis þess, er ákærðu brutust inn í. Ákærðu hafi aðeins þurft að ýta á hurðina og hafi hún þá opnast. Ákærðu hafi dregið þá með sér inn í herbergið og þegar ákærðu hafi farið að gramsa þar í skáp, hafi þeir Jóhann Sigfús haft sig á brott og farið aftur inn til kunningja þeirra. Hann hafi sagt þeim að hringja strax á lögregluna. Jóhann Sigfús hafi farið út til þess, en vitnið hafi fylgzt með ákærðu. Hafi það farið í humátt á eftir þeim og þegar það kom út á götuna, hafi ákærðu verið að koma út úr portinu við Hverfisgötu 14. Vitnið kveðst ekki hafa séð þá reyna að taka bifreiðina í portinu, en þar hafi engir verið nema þeir. Vitnið og Jóhann Sigfús bentu lögreglunni á

ákærðu, þar sem þeir voru á Arnarhólstúni. Þeir voru með í fórum sínum rauða tösku og hvítan poka, en um innihaldið veit vitnið ekki.

Vitnið Jóhann Sigfús Sigdórsson kveðst hafa verið í heimsókn hjá kunningja sínum að Hverfisgötu 16, er ákærðu komu þangað. Ákærðu komust inn í húsið með því að brjóta útidyrhurðina að vitnið heldur. Annar ákærðu ruddist inn í herbergið til kunningja vitnisins, og fóru vitnið og Kristján Róbert þá út þaðan fram á ganginn. Komu ákærðu til þeirra eftir nokkra stund, þar sem þeir stóðu á ganginum. Héldu ákærðu að herbergi Hallfreðar Jóns. Þurftu þeir ekki nema rétt að ýta á hurðina, svo að hún hrykki upp. Drógu þeir vitnið og Kristján Róbert inn í herbergið. Þegar ákærðu fóru að gramsa í skápnum í herberginu, læddust vitnið og Kristján Róbert út. Vitnið fór og hringdi á lögregluna. Þegar það kom aftur, sá það, að ákærðu voru að hlaupa á brott. Þeir höfðu meðferðis rauða tösku og hvítan poka. Vitnið fylgdist með þeim og sá, hvar þeir námu staðar á Arnarhólstúni. Vitnið varð ekki vart við, að ákærðu ættu við bifreið í portinu við húsið Hverfisgötu 14.

Gegn neitun ákærðu er ekki sannað, að þeir hafi stolið kr. 4.000.00 í peningum og Ronson vindlakveikjara að Hverfisgötu 16 í umrætt sinn. Einnig verður að telja ósannað þrátt fyrir framburði ákærðu, að þeir hafi stolið þar meira magni af vindlingum en Hallfreður Jón kveður hafa horfið frá sér, eða 6 lengjum af Camel og 9 pökkum af Viceroy vindlingum. Ber að sýkna ákærðu af ákærinni að þessu leyti. Að öðru leyti telst sannað atferli það, sem þeim er gefið að sök í II. kafla ákæru, og varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með framburði ákærða Guðmundar Rúnars svo og þegar virtur er framburður ákærða Óskars Elíasar Héðins og annað, sem fram er komið í máli þessu, þykir sannað, að ákærðu hafi reynt að taka bifreiðina Y 2576 að ófrjálsum. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956.

Hallfreður Jón hefur krafizt þess, að ákærðu greiði sér kr. 4.000.00 og kr. 1.000.00 að auki fyrir vindlakveikjarann. Með því að ákærðu hafa verið sýkaðir af töku á verðmætum þessum, eins og áður greinir, verður eigi dæmt um kröfu þessa í máli þessu.

Eins og hér að framan greinir, hlaut ákærði Guðmundur Rúnar með dómi sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1970 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningar-

laga. Hefur ákærði með atferli því, er að framan er rakið, rofið skilorð það, sem honum var ákvarðað í dómi þessum. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákvarða honum að nýju refsingu fyrir brot það, er þar greinir. Þykir refsing ákærða samkvæmt því hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 6 mánaða fangelsi.

Refsing ákærða Óskars Elíasar Héðins þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 6 mánaða fangelsi, en rétt þykir, að gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 28. desember 1970 til 5. janúar 1971 komi til frádráttar refsingunni.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað óskipt.

#### Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Óskar Elías Héðinn Guðmundsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 28. desember 1970 til 5. janúar 1971.

Ákærði Guðmundur Rúnar greiði Kristni Geirssyni kr. 3.000.00 og ákærði Óskar Elías Héðinn kr. 1.000.00 af þeirri fjárhæð óskipt með ákærða.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.